



HELMINGI MINNI AFLI, TVÖFALT MEIRA VERÐMÆTI


Í samfélagsumræðu fara oft hátt áhyggjur af síminnkandi aflaheimildum hérlendis. Samhliða því hafa þorskvótar verið stórauknir víða annarsstaðar og hefur það þegar komið fram í lækkuðum verðum á alþjóðlegum mörkuðum. Ef taka má mark á sögunni má sjá að áhyggjur af minnkandi aflaheimildum kunna að vera blásnar upp. Þorskaflí minnkaði úr 460.000 tonnum í 180.000 tonn milli árana 1981 og 2011. Útflutningsverðmætið, hins vegar rúmlega tvöfaldaðist og þar má þakka bættri nýtingu hráefnis þar sem framleiðslan fór að snúast frekar um gæði en magn. Þessi þróun hefur haldið áfram síðustu ár, en eigi svo að vera um ókomna framtíð er ljóst að nýsköpun í sjávarútvegi og tæknigreinum honum tengdum þarf að hjarna verulega við.

Af öllum þeim fiskitegundum sem halda sig á íslenskum miðum hefur þorskurinn tvímælaust skilað mestum verðmætum til þjóðarbúsins. Margir hafa nú áhyggjur af þeim áhrifum sem stórauknar aflaheimildir í Barentshafi kunna að hafa á alþjóðleg verð. Samanlagður kvóti Norðmanna og Rússa þar árið 2013 er ein milljón tonna, talsvert meira en 200.000 tonna áætlaður kvóti Íslendinga. Árið 1981 nam þorskaflí íslenskra skipa þó röklega 460.000 tonnum. Til samanburðar var sá afli um 180.000 tonn árið 2011 sem er 60% minna en þrjátíu árum áður. En hvernig skildi verðmæti aflans hafa þróast á þessu 30 ára tímabili? Auðvitað hefur útflutt verðmæti hvers þorskílóls aukist samfara tæknipróun síðustu áratuga en áhugavert er að skoða það nánar.


Árið 1981 veiddu íslensk fiskiskip samtals 460.579 tonn en útflutningsverðmæti þorsks það ár nam tæplega einum milljarði á verðlagi þess árs, eða um 37 milljörðum á núvirði. Árið 2011, eða 30 árum var þorskaflinn svo 182.034 tonn. Útflutningsverðmætið hins vegar, á núvirði, var rúmí 82 milljarðar króna, röklega 120% hærra en árið 1981. Gengi krónunnar gagnvart gjaldmiðlum útflutningslanda spilar auðvitað hlutverk í þessari þróun og því er ekki úr vegi að skoða þróun útflutningsverðmætisins í erlendri mynt. Útflutningsverðmæti þorsksins

árið 1981 var um 135 milljónir dala, sem jafngildir tæpum 340 milljónum dala á núvirði. Árið 2011 var það svo um 680 dalir á núvirði sem er tvöföldun. Það gildir því einu hvernig á málið er horft, heildaraflinn rýrnaði um 60% en útflutningsverðmæti a.m.k. tvöfaldaðist. Þannig fór útflutningsverðmæti á hvert kílógramm í lönduðum afla úr 0,7 dollurum í 3,8 sem er rúmlega fjórföldun.

Ef nánar er rýnt í útflutningsgögn er glögglega hægt að sjá vísbendingar um orsakir þess. Vörflokkarnir eru talsvert fleiri nú en áður, vinnslan er orðin fjölbreyttari og afgangshráefni annað en flök er talsvert betur nýtt.



- Til dæmis skapaði heilfrystur fiskur og fryst flök 3/4 af verðmætinu árið 1981. Þrjátíu árum síðar sköpuðu þessar afurðir tæpan fjórðung af verðmætinu.
- Nýting aflans hefur aukist og því má þakka bættari vinnslutækni og stórfelldri aukningu í nýtingu aukaafurða.
- Fluttar voru út afurðir úr þorskhausum fyrir 8 milljarða árið 2011.
- Útflutningur á lýsi fór úr 1800 tonnum í 3700 tonn, en verðmætið jókst þrefalt, úr 580 m.kr. í 1700 m.kr á núvirði.
- Virðisauki í framleiðslu hefur aukist, í stað frystra afurða skapar ferskfiskur og saltfiskur stóran hluta verðmætisins.
- Ekki má gleyma því að alþjóðleg þorskverð hækkuðu á þessu tímabili auk þess sem staða íslenskra sjávarafurða hefur styrkst með markaðssetningu.



Í stuttu máli sagt hefur nútímavæðing atvinnugreinarinnar spilað stærsta hlutverkið í því að auka útflutningsverðmæti. En vafalítið hefur hvatinn til þess að nýta aflann orðið meiri með skertum aflaheimildum. Þannig fór framleiðslan að snúast um gæði fremur en magn. Fiskverkendur nýttu hráefnið betur og fóru að sjá verðmæti í afurðum sem áður var að mestu leiti fleygt. Í dag er útflutningsverðmæti hvers þorskílós á Íslandi umtalsvert hærra en í öðrum löndum og fjölbreytileiki og gæði afurðanna gera það að verkum að breytingar í heimsmarkaðsverðum hafa almennt minni áhrif hér en víða annarsstaðar. Þannig á það að vera og þannig er mikilvægt að halda því. En ef svo á að vera þarf nýsköpun í sjávarútvegi og tæknigreinum honum tengdum að hjarna verulega við.

Efni þessarar greinar var upphaflega unnið að beiðni Útvegsblaðsins og birtist í marstölublaði þann 25.3.2013. Sjá hér:

<http://issuu.com/goggurehf/docs/ubl.03.13>

Nánari upplýsingar veitir Haukur Már Gestsson, hagfræðingur í síma 577 6200 eða á netfanginu haukur@sjavarklasinn.is

Um Íslenska sjávarklasann

Íslenski sjávarklasinn hóf tilveru sína sem rannsóknarverkefni við viðskiptadeild Háskóla Íslands vorið 2010. Markmið Íslenska sjávarklasans er að auka verðmæti þeirra fyrirtækja sem starfa í klasanum. Samstarfsaðilar eru leiðandi fyrirtæki innan sjávarklasans en með styrkingu tengslaneta stuðlar Íslenski sjávarklasinn að því að auka tækifæri til samstarfs og nýsköpunar. Á hverri stundu vinnur teymi Sjávarklasans að margvíslegum verkefnum á grundvelli klasahugmyndafræði. Á meðal helstu verkefna árið 2012 eru stofnun fullvinnsluklasans Codland á Reykjanesi, sameiginleg markaðssetning tæknifyrirtækja og samstarfsverkefni um aukningu í þjónustu við erlend skip á Íslandi. Nánari upplýsingar má sjá á www.sjavarklasinn.is